

Alþingi
Erindi nr. P 127 / 1065
komudagur 8.3.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2002
VM/HG/II/KSG/016/02


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, 233. mál.

Tryggingastofnun telur mjög tímabært að lagt verði mat á árangur hinna ýmsu aðferða, sem beitt er hjá meðferðarstofnunum þannig að heildarsýn verði ljós. Ástæða er til að leggja áherslu á, að fjölbreytni meðferðarúrræða verði við haldið, en ekki er sjálfgefið, að einni aðferð skuli gert hærra undir höfði en annari meðan ekki liggur fyrir, hver árangur er af hverri fyrir sig.

Tryggingastofnun bendir á þá umræðu sem nú er farin af stað um nauðsyn breyttrar nálgunar t.d. að hætt verði að draga forfallna eiturlyfjaneytendur í dilk brotamanna, heldur verði litið á þá sem sjúklinga sem þurfi að afeitra og (endur)hæfa. Einnig að meiri áhersla verði lögð á að draga úr skaðsemi neyslu þeirra, sem ekki eru tilbúnir til að leggja hana af (harm reduction). Slíkt er langtímaverkefni, sem þarf að vinna í samvinnu félagsþjónustu og heilbrigðiskerfis. Minna má á samstarf TR og Félagsþjónustunnar í Reykjavík í þessu sambandi. Tryggingastofnun hefur einnig komið til móts við skjólstaðinga Byrgisins og Krýsuvíkursamtakanna í einstökum tilvikum.

Tryggingastofnun fagnar tillögunni og leggur til að hún verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllst,


Karl Steinar Guðnason
forstjóri